



# Fundargerð 307.fundar

## Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 13. maí 2026 kl. 16.15 fór fram á skrifstofu HN við Fiskitanga á Akureyri.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ólafur R. Ólafsson, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Andri Teitsson og Sverre Jakobsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu og send til samþykktar með rafrænum hætti.

Dagskrá fundarins:

### 1. Lánamál HN.

Lögð var fram tillaga að HN greiði upp hlut HN af láni AKU 10.1 með því að Akureyrarbær yfirtaki lánið með því að viðskiptastaða Akureyrarbæjar gagnvart Hafnasamlagi Norðurlands bs lækki sem því nemur. Dan Brynjarsson sviðsstjóri fjársýsluviðs Akureyrarbæjar sat fundinn undir þessum lið. Stjórn HN samþykkir tillöguna.

### 2. Afmörkun hafnasvæða.

Hafnarstjóri lagði fram tillögu að nýjum hafnarmörkum fyrir hafnir Hafnasamlags Norðurlands bs með vísan til endurskoðaðra leiðbeininga frá Innviðaráðuneytinu. Stjórn HN samþykkir framlagða tillögu að breyttum hafnarmörkum.

### 3. Önnur mál.

**Engin önnur mál.**

Fundi var slitið kl. 16.45